



BA ritgerð

Hvernig koma landamæri og aðrar afmarkanir fyrir í náttúrunni?

Birtingarmynd afmarka milli landa, bæja og heimila

Anna Guðrún Aradóttir

Leiðbeinandi: Helga Ögmundardóttir
Útskriftarmánuður: Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

Hvernig koma landamæri og aðrar afmarkanir fyrir í náttúrunni?
Birtingarmynd afmarka milli landa, bæja og heimila

Anna Guðrún Aradóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu
Leiðbeinandi: Helga Ögmundardóttir
12 einingar

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní, 2018

Hvernig koma landamæri og aðrar afmarkanir fyrir í náttúrunni?:

Birtingarmynd afmarka milli landa, bæja og heimila

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu

og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Anna Guðrún Aradóttir, 2018

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Landamæri á landakorti eru ekki alltaf eins sýnileg í raunveruleikanum og þau eru á kortinu. Það er engin lína sem dregin er eftir jörðinni og þó stundum séu hlið eða girðingar, höf og ár er það síður en svo alltaf raunin. Sömu sögu er að segja um bæjarmörk og hýbýli. Línan sem aðskilur eitt ríki frá öðru getur birst okkur í formi hvaða fyrirbæris sem er en þessi fyrirbæri tákna þó ekki það sama fyrir alla og er það mismunandi milli einstaklinga hvernig þeir túlka og upplifa þessar táknrænu afmarkanir. Náttúra og landslag skiptir því miklu máli þegar kemur að landamærum og þegar lesa á í landslagið er gott að styðjast við leiðandi hugtök þar sem tími og rými skipta miklu máli ásamt skynjun. Það sem farið verður yfir í þessari ritgerð er hvernig má sjá landamæri og mörk og hvernig þau koma fyrir í náttúrunni, helstu hugtök sem hafa þarf í huga og loks er vitnað í þjóðflokkum sem nánir eru náttúrunni og landinu og gefa góða innsýn í það hvað og hvernig mörk eru sýnileg í og með náttúrulegum fyrirbærum.

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Efnisyfirlit	5
1 Inngangur	6
2 Náttúran	8
2.1 Náttúran í mannfræði.....	9
3 Landslag	12
3.1 Rými og staður	12
3.2 Tími	13
3.3 Heimilið.....	14
3.4 Skynjun.....	16
4 Landamæri, borgar-og bæjarmörk	18
5 Non-Places	22
6 Landamæri á vettvangi	23
6.1 WoDaaBe	23
6.2 Ongees	24
6.3 Warlpiri	25
Umræður og lokaorð	28
Heimildaskrá	30

1 Inngangur

Ég er fædd og uppalin á Íslandi og velti landamærum því lítið fyrir mér. Ísland er umlukið Atlantshafinu og því höfum við þessi náttúrulegu landamæri sem skilja okkur frá öðrum löndum. Eða hvað? Frá því við höfðum betur í Þorskastríðunum þá hefur landhelgi Íslands náð 200 sjómílna radíus út frá landinu. Til þess að sjá mörk landhelginnar þarf að hafa réttu tækin við höndina því ekkert skilti er úti á hafi sem segir „Velkomin til Íslands“. Aftur á móti sjáum við slíkt skilti í Leifstöð á Keflavíkurlugvelli og önnur svipuð þegar keyrt er um landið og þéttbýlisstaðir og sveitafélög bjóða mann velkominn þegar ekið er um Ísland.

Í riti sínu, *The Rites of Passage*, talar Arnold Van Gennep (2004) um hversu auðvelt það var að ferðast um heiminn hér áður fyrr þegar vegabréf voru nánast óþörf og landamæri voru nær ósýnileg nema með aðstoð landakorts. Nú eru breyttir tímar þar sem í dag er ekki jafn auðvelt að ferðast um nema á milli nokkurra landa á meginlandi Evrópu eins og var áður. Maður hoppar upp í lest í París og áður en maður veit af er maður búinn að fara í gegnum Lúxemborg og kominn til Frankfurt í Þýskalandi, aldrei stoppaður af né að maður hafi tekið eftir einum einustu landamærum. Eitt sinn ákvað ég að taka rútu frá London í Bretlandi til Porto í Portúgal. Af hverju? Jú, mig langaði að prófa að ferðast með þessu móti, sjá það land og umhverfi betur sem ég var að ferðast um.

Rétt eins og Ísland þá er Bretland umlukið sjó en ferðast má í gegnum neðanjarðargöng sem fara undir Ermarsundið og liggja til Frakklands. Við göngin er tollafgreiðsla líkt og á flugvelli, síðan er farartækjum skellt inn í lestarvagn og lestin skutlar öllum í gegn og yfir til Frakklands. Áfram hélt rútuferðin með skiptum yfir í aðra rútu í París og síðan lá leiðin suður á við og alla leið til Spánar. Það sem vakti athygli mína var að ekkert benti til þess að við værum komin yfir til Spánar nema sú staðreynd að allt í einu voru skiltin við veginn á spænsku. Aðra sögu var að segja þegar komið var að landamærum Spánar og Portúgals. Þar var lítill bær einmitt á landamærunum og tvö landamærahlíð hvoru megin við. Vopnaðir verðir með hunda komu inn í rútna og tóku vegabréfin okkar og við tók klukkustunda bið sem endaði sem betur fer vel fyrir alla en þarna voru skilin milli landanna mjög sýnileg.

Eftir vikudvöl í Portúgal flaug ég til Bresku Kólumbíu í Kanada þar sem ég ætlaði að dvelja í þrjá mánuði og vinna sjálfboðaliðastarf hjá fólki sem vantaði aðstoð við

sveitastörf. Fyrsti bærinn sem ég fór á var rétt norðan við landamæri Bandaríkjanna og Kanada og þegar konan á bænum fór með mig í bíltúr til að sýna mér svæðið í kring keyrðum við austur eftir vegi sem heitir „O Avenue“. Konan benti mér á að það sem væri sunnan við áður nefndan veg væru Bandaríkin en þegar ég horfði í suður sá ég bara grunnan skurð, tré og mikla órækt. Eftir þessi ferðalög hef ég oft hugsað til þess hvernig það er að búa við svona „ósýnileg“ landamæri eins og finna má á milli Kanada og Bandaríkjanna þar sem landamærin eru aðeins sýnileg þegar keyrt er milli ríkjanna og þá er mjög strangt eftirlit með þeim sem þarna ferðast á milli. Þetta leiddi til þess að ég fór einnig að velta því fyrir mér hvernig landsvæði eru almennt afmörkuð. Þá var ég ekki aðeins að hugsa um landamæri milli ríkja, heldur einnig mörk sem aðskilja þorp og heimili frá nágrönnum sínum. Hvað það er sem heimamenn sjá en utanaðkomandi aðilar sjá ekki, sérstaklega við sem erum vön áberandi mörkum.

Í þessari ritgerð verður því fjallað um það hvernig línan sem aðskilur lönd og svæði, þ.e. landamæri, bæjarmörk, sýslu- og fylkismörk, heimili o.þ.h. birtast í landslaginu og hvernig skilin eru túlkuð frá sjónarhóli mannfræðinnar. Svo sem hvort línan sé náttúruleg eða manngerð, huglæg eða hlutlæg. Farið verður yfir hvernig náttúran kemur fyrir í mannfræðinni og hugtök sem tengjast landslaginu og hvernig upplifun á því er, t.d. rými, svæði og tími en til að lesa í landslag skipta þessi hugtök miklu máli (Katrín Anna Lund, 2011). Til stuðnings verða notuð dæmi þar sem landamæri og annarskonar afmarkanir koma við sögu og hvernig þau koma fyrir sjónir og hvernig upplifun heimamanna og mannfræðinga er. Einna helst verður stuðst við dæmi úr nokkrum etnógrafíum, þá aðallega *Konan sem fékk spjótíð í höfuðið* eftir Kristínu Loftsdóttur, *Skálduð skinn: af lífi fólks á Nýju-Gíneu* eftir Sveinn Eggertsson og *At Home in the World* eftir Michael Jackson.

2 Náttúran

Jöklar hopa og nýtt land kemur í ljós, ár og fljót gera sér nýja farvegi og skilja eftir sig skörð og gljúfur í landið, skriður og flóð falla og ryðja því sem áður var í burtu. Þetta eru nokkrar breytingar í náttúrunni sem eiga sér stað á lengri eða skemmri tíma en alltaf eru einhverjar breytingar í gangi sem geta haft róttæk áhrif á hýbýli mannsins (Pelletier et al, 2015). Maðurinn er hluti af náttúrunni og þar sem hún er á stöðugri hreyfingu og breytist án þess að maðurinn hafi eitthvað til málsins að leggja, fylgir hann eftir og aðlagar sig að breytingunum (Massey, 1994). Náttúran er þó viðtækt hugtak sem vert er að skilgreina nánar þegar rannsóknir á efninu eru gerðar. Yfirleitt þegar talað er um *náttúruna* (e. nature) innan mannfræðinnar á Vesturlöndunum er átt við hið ósnortna eða það sem til hefur orðið án hjálpar eða afskipta frá mannum (Katrín Anna Lund, 2005), líkt og þær lýsingar sem taldar voru upp hér í byrjun kaflans.

Í bók sinni *Purity and Danger: An Analysis of Concepts of Pollution and Taboo* skrifar Mary Douglas (2001) um hvernig frumbyggjar hafa túlkað táknræn fyrirbæri sem haft hafa áhrif á hegðun fólks og hluti í náttúrunni. Meðal annars minnst hún á galdra og það þegar fólk verður viti sínu fjær (þá vegna galdra eða annarra orsaka) en undir þeim kringumstæðum eru þessir einstaklingar sendir inn í skóg eða út í hið óþekkta sem er fjarri örygginu í samfélaginu. Sá einstaklingur sem kemur heim heill á húfi er þá talinn hafa öðlast styrk sem er þeim ógerlegt sem ekki hafa farið út fyrir samfélagið og öryggi þess. Í bókinni segir Mary einnig „*To have been in the margins is to have been in contact with danger...*” (Mary Douglas, 2001:98); það er að þeir sem verið hafa við jaðarinn hafa komist í snertingu við hættu. Þarna er litið á náttúruna í kringum samfélagið sem hið óþekkta og ósnortna; sem hættulegt og göldrótt svæði. Í þessu samhengi talaði Douglas um þá einstaklinga sem voru öðruvísi, hugsanlega fatlaðir, eða höfðu verið gerðir útlægir vegna glæpa sem þeir höfðu framið eða af einhverjum öðrum orsökum en þessir einstaklingar komu oft grimmir og höguðu sér eins og skepnur þegar þeir snéru til baka frá hinu villta. Douglas segir einnig að þessir einstaklingar sem verið var að senda í burtu og höfðu framið glæpi voru gjarnan frekar grimmir eða reiðir áður en þeir voru sendir í útleið og eftir að hafa búið einir í einhvern tíma úti í skógi magnaðist reiðin upp og þó þetta ætti ekki við um alla fylltust margir hinna útlægu hefndarhug og snéru aftur til samfélagsins til að hefna fyrir það að vera sendir í burtu (Mary Douglas, 2001). Ein af mögulegum leiðum til að útskýra hegðun einstaklingana hefur verið að skella skuldinni á galdra þar sem galdrar eru

eitthvað sem fólkið þekkti ekki og var hrætt við en Hirsch (2006) segir að í *goðsögum* (e. myth) sé oft að finna sögur sem eiga að kenna einstaklingum að forðast eitthvað eða frásagnir sem eiga að verða að lexíum. Við sjáum hinar og þessar fígúrir út undan okkur í náttúrunni og oft fylgja þessum náttúrufyrirbærum einhver saga. Goðsagan sem er sögð er talin hafa á einhverjum tímapunkti verið sönn saga í tengingu við ákveðinn atburð sem átti sér stað en síðar hefur spunnist og bæst við í atburðarrásina eftir því sem frá líður því sem raunverulega gerðist (Hirsch, 2006). Að náttúran sé þetta villta og ósnortna er þó aðeins ein skilgreining af mörgum.

Ef skoðaðar eru aðrar skilgreiningar um náttúruna má sjá að þegar talað er um náttúru getur það átt við allt sem er á jörðinni, þar á meðal manninn, tún og akra eða ósnortin frumskóg. Sú skilgreining á náttúru sem við ætlum að skoða hér síðar og verður í fyrirrúmi er sú sem Katrín Anna Lund (2005) hafði til fyrirmyndar í *Finding Place in Nature*, þ. e. að maðurinn sé hluti af náttúrunni í þeirri merkingu að hann er tengdur henni ákveðnum böndum. Einstaklingar finna sig tengda náttúrunni og þeim stöðum sem þeir eiga rætur að rekja til og verða þannig hluti af náttúrunni. Ég tel að þessi bönd móti það hvernig við sjáum landamæri og bæjarmörk en komið verður að því síðar í ritgerðinni.

2.1 Náttúran í mannfræði

Ef skoðað er hvernig náttúran kemur fyrir í mannfræðinni, þ. e. hvenær og hvernig mannfræðingar hafa hana sem hluta af lýsingum sínum af vettvangi, má finna nokkrar ólíkar lýsingar frá mismunandi tímabilum en hér á eftir verður fjallað um nokkur slík dæmi.

Paul Durrenberger (1980) fór á vettvang á meðal Lisu-fólksins, þjóðflokkur sem býr í fjallendi Asíu og dreifist yfir Kína, Tæland, Burma og Indland. Náttúran fyrir Lisu-fólkið var annað hvort *ræktuð* (e. domesticated) eða *villt* (e. wild) en allt sem var innan þorps þeirra taldist ræktað en það sem var utan þorps flokkaðist sem villt. Til að mynda voru ávaxtatré sem bæði var hægt að finna innan þorps og í skóginum ýmist talin villt eða ræktuð eftir því hvort þau uxu í skóginum eða innan þorpsins. Til þess að Lisu gætu tekið sér land til ræktunar urðu þeir að halda athöfn og ákalla *verndarvætt* (e. guardian spirit) og tilkynna henni um komandi verk og sækja um samþykki hennar til að rækta landið en með hverju landi sem Lisu ræktar fylgir ávallt ein vætt með sem gætti landsins (Durrenberger, 1980:27-28). Lisu-fólkið trúði því einnig að sá aðili sem ræktar landsvæði væri eigandi

Þessa tiltekna landsvæðis á meðan hann nýtti það en um leið og hann hætti að rækta landið væri það ekki hans lengur og þannig laust til afnota fyrir einhvern annan til ræktunar (Durrenberger og Erem, 2010:109).

Önnur frásögn um náttúruna og hvernig hún kemur til umræðu er þegar Michael Jackson (2005) fór á vettvang meðal Warlpiri-fólksins sem eru ein þjóð frumbyggja Ástralíu. Jackson langaði að kanna hvernig fólk sem ekki átti heima í húsi með 4 veggjum og þaki og ferðuðust um upplifðu heimili sitt og hvað það var að vera „heima“ í þeirra huga. Hann fór einn daginn að keyra um svæðið ásamt Warlpiri-manni sem sagði Jackson frá hvað hefði átt sér stað hér og þar um svæðið eftir því sem þeir keyrðu um. Warlpiri-fólkið kallar landið *móður* (e. mother) þar sem það er landið sem gefur þeim fæðu og hugsar um þau eins og móðir myndi gera fyrir barnið sitt og á móti hugsa Warlpiri-fólkið um landið og náttúruna í kringum sig eins og þau væru að annast móður sína. Warlpiri-maðurinn þekkir því landið vel og í skoðunarferðinni með Jackson þar sem þeir keyrðu um svæðið kemur Warlpiri-maðurinn auga á tvö tré sem hann kallar tré hvíta mannsins, því þau áttu ekki heima úti á sléttunni, og furðaði hann sig á því hvernig það væri tilkomið að þau yxu á þessu svæði. Þegar Jackson horfði í áttina til trjánna sem maðurinn horfði á sá hann aðeins tvö vel falin tré inn í gróðrinum og hefði hann verið einn á ferð hefði hann ekki tekið eftir þeim og þaðan af síður séð eitthvað athugasvert við trén (Jackson, 2005:22-24).

Þriðja og síðasta lýsingin af því hvenær náttúran kemur fyrir í lýsingu af vettvangi sem fjallað verður um í þessum kafla er frá því þegar Sveinn Eggertsson (1997) var á meðal Kwermin-fólksins á Papúa Nýju Gíneu. Mikið skóglendi umkringdi þorpið sem hann bjó í, há fjöll í norðri og sléttlendi á láglandinu í suðri en landamærin að nágrönnum þeirra í austur og vestur voru afmörkuð með tveimur fljótum. Þau þorp sem erfiðara var að fara til og voru fjær áttu Kwermin í góðum vinskapi við en byggðirnar í lágfjöllunum sem deildu sama vistkerfi áttu þeir í stöðugum illdeilum við þar til 1965 þegar ástralskir embættismenn nýlendustjórnarinnar komu og létu þá semja um frið og kynntu þá fyrir landslögum. Að fara í verslunarferð fyrir Kwermin til nálægs þorps þýddi tveggja daga ferðalag á tveimur jafnfljótum. Sveinn lýsir því hvernig átti að fara yfir hengibrú í einni ferðinni en brúin lá yfir mjög djúpt gil og var áður fyrr notuð til að taka meintar nornir af lífi:

“Við héldum til Fokabip-byggðar á Kasanmin-landi. Á leiðinni urðum við að fara eftir hengibrú yfir gil, líklega eina fjörtíu metra yfir fljótinu Ongop (*Murray River*) sem skilur að lönd nágrannanna... Ég fór yfir þó nokkrar hengibrýr á ferðalögum um fjöllin og engin þeirra jafnast á við brú Dams. Af fáum var þó jafnlangt niður og af henni og á árum áður voru meintar nornir látnar falla af henni ofan í ána. Sú aftökuaðferð hafði þann kost að straumpungt fljótið bar hættulegan andan kvennanna burt af Kvermin-landi.” (Sveinn Eggertsson, 2010:50).

Í þessum þremur lýsingum á náttúrunni frá mannfræðingum má sjá hvenær og þá hvernig náttúran kemur fyrir í lýsingum þeirra. Þær eiga það sameiginlegt að náttúrunni er lýst sem þessi villta og ósnortna en þarna er einnig tenging allra þriggja þjóðflokka við náttúruna þar sem þeir búa í henni. Er þá átt við að náttúran er allt í kringum þá og þeir lifa og hrærast í kringum hana og nýta það sem náttúran hefur upp á að bjóða.

3 Landslag

Katrín Anna Lund (2011) hefur gert ýmsar rannsóknir á *landslagi* (e. landscape) en til þess að lesa í landslag og upplifa landslag telur hún mikilvægt að tvinna saman sögu og menningu þess svæðis sem verið er að rannsaka. Allir upplifa landslagið á mismunandi hátt en aðrir, stundum svipaðan en upplifunin er einnig ólík eftir því hvernig sagan er sögð. Þá skiptir jafnframt máli hver það er sem segir okkur söguna, hvort það sé einhver sem fæddur er og uppalinn á svæðinu eða aðfluttur (Katrín Anna Lund, 2011; Tim Ingold, 2002). Áður var landslagið aðeins fyrirbæri sem horft er á og gengið framhjá (Bender, 2001) en í dag hefur verið tekið eftir að það er í raun uppfyllt af sögum og minningum sem bíða eftir því að koma upp á yfirborðið. Fólk ferðast heimshorna á milli, hittir annað fólk, dvelur á nýjum stað og á í endalausum sambandi við landslagið, bæði meðvitað og ómeðvitað. Það er ekki aðeins upphaf og endir á ferðalaginu sem um er að ræða heldur einnig sá tími sem við erum að ferðast frá A til B (Bender, 2001).

Til þess að lesa í landslagið eru nokkur lykilhugtök sem þarf að hafa í huga, en það eru *rými* (e. space), *svæði* (e. place) og *tími* (e. time) (Bender, 2001; Katrín Anna Lund, 2001). Þessi hugtök verða kynnt hér á eftir ásamt tveimur öðrum sem skipta máli fyrir þessa ritgerð en það eru *skynjun* (e. sense) og *heimilið* (e. home).

3.1 Rými og staður

Innan mannfræðinnar hefur rými og staður ekki sömu merkingu en hugtökin eru tengd og kemur annað út frá hinu. Ef við byrjum á *rými* (e. space) þá er það svæði, s. s. land, borg, hús, garður eða herbergi en það skiptir ekki máli hver stærðin er. Notkun rýmisins getur einnig verið hver sem er, hægt er að sjá fyrir sér einn tóman og stóran geim eða íþróttasal fullan af fólki, en rýmið er ávallt þrívítt. *Staður* (e. place) verður aftur á móti til út frá rými eða réttara sagt innan rýmisins. Oft eru þessi hugtök notuð saman og í svipuðu samhengi nema á vissum tímamarki verður rými að stað þegar farið er að einblína á ákveðið efnislegt fyrirbæri sem á sér stað innan rýmisins, t. a. m. menningu. Þá getur staður verið hvað sem er innan rýmis í öllum stærðum og gerðum (Massey, 1994; Casey, 1996:14; Gupta og Ferguson, 1992).

Þegar talað er um að rými verði að stað þá er rýmið ennþá til en það er hluti af heildinni, m. ö. o. rýmið er ennþá til en innan þess er nú staður sem maðurinn hefur gefið

menningarlegt gildi og tíma eða annan *félagslegan feril* (e. social process). Rýmið er því alltaf til staðar (Short, 1999:x; Massey, 1994:2) en staðurinn er háður því að maðurinn gefi einhverju innan rýmisins gildi. Hér áður fyrr var rými á undanhaldi meðal mannfræðinga samkvæmt Gupta og Ferguson (1992) en þeir töluðu um hvernig rými hafði lent í bakgrunninum og jafnvel þó bæði rými og staður hefðu verið notuð hafi þau lítið sem ekkert verið til umræðu eða allt fram til upphafs 9. áratugarins þegar fræðimenn fóru að horfa til og skrifa um rými. Þegar rými kom til umfjöllunar var yfirleitt aðeins skrifað um það þegar einhverjar breytingar áttu sér stað eða þegar einhver atburður átti sér stað þar sem verið var að gera vettvangsrannsókn. Short (1999) og Massey (1994) skrifuðu einnig um hvernig rýmið vildi oft gleymast eða gegna minna hlutverki þegar það hefði átt að vera í stærra hlutverki. Það er þó ekki svo lengur þar sem mannfræðingar hafa áttað sig á hvað hugtakið hefur mikið að segja rannsóknum.

Í rannsóknum hefur heimilið oft verið tekið fyrir þegar verið er að skoða rými þar sem það er fullkominn vettvangur til að skoða rými og tíma saman ásamt öðrum þáttum, s. s. *sjálfsmynd* (e. identity) og *kyngervi* (e. gender). Innan heimilisins gegnir fólk síðan ákveðnum hlutverkum sem fer eftir kyni, fjölskylduhögum og öðru sem getur auðkennt einstaklinginn. Heimilið er síbreytilegt eftir því sem tíminn líður og því breytast auðkennin þegar þannig ber undir. Eiginkona verður að móður og barn verður að unglingi og þar frameftir götunum (Short, 1999:x). Heimilið sem rými hefur einnig verið meðal meginrannsóknarefna mannfræðinga á vettvangi meðal frumbyggja í gegnum tíðina (Cieraad, 1999:2) en komið verður að því hér aðeins síðar.

3.2 Tími

Tími (e. time) er mælieining sem við notum til að greina aldur og breytingu (Turner, 1985:227-228) en hugtakið er iðulega notað samhliða rými en ekki hvort í sínu lagi. Ef skoða á rými verður að hafa tíma með í jöfnunni og öfugt til að útkoman verði sem réttust en rými er á stöðugri hreyfingu með tíma, háð breytingum, rétt eins og félagsleg tengsl. Sífelldar breytingar eru í gangi og þó þær gangi hægt yfir þá eru stöðugt smávægilega breytingar; nýtt fólk að koma inn í myndina eða að fólk taki aðrar ákvarðanir en það er vant (Massey, 1994).

Gott dæmi um það hvernig tími og rými vinna saman er þegar Michael Jackson (2008) talaði um hvernig rými breytir um hlutverk með tíma. Hann tekur sem dæmi

almenningsrými (e. public spaces), s. s. torg og garðar, sem byggt er með ákveðið hlutverk í huga eins og að verða leikvöllur eða minnisvarði þar sem fólk ætti að koma saman og hafa gaman. Með tímanum breytist síðan gjarnan hlutverk þessara staða þar sem íbúar flytja í burtu og aðrir koma í staðinn og það sem áður var torg þar sem fólk kom saman og börn léku sér hefur orðið að þekktu torgi þar sem ógæfufólk heldur sig eða öfugt. Einnig minnst Jackson á annarskonar breytingar á hlutverki rýmis eða þær sem verða þegar hús eru rifin niður eða verða fyrir skemmdum og því rifin til að hægt sé að byggja önnur hús eða ráðast í aðrar framkvæmdir á svæðinu svo og þegar ósnortið náttúrusvæði er tekið undir námugróft eða iðnaðarsvæði (Jackson, 2008).

3.3 Heimilið

Þá er komið að því að fjalla um *heimilið* (e. home) en það er rými sem mannfræðingar hafa mikið rannsakað og skrifað um, eins og nefnt var fyrr í þessari ritgerð, en á heimilinu skiptist rýmið niður í staði og fjölskyldumeðlimir öðlast hlutverk á hverjum stað fyrir sig. Innan heimilisins eru rými og tími á stöðugu iði, í hvert sinn sem einstaklingur fer af einum stað yfir í þann næsta getur verið að hann fái samtímis nýtt hlutverk (Cieraad, 2006:x).

Van Gennep (2004) fjallar um frumbyggjahópa sem hafa komið sér upp táknrænum landamærum til að láta nágranna sína vita hvar þeirra yfirráðasvæði byrjar og endar og að lengra ættu þeir ekki að fara nema með heimboði. Þau tákn sem þeir nota koma öll úr náttúrunni og geta verið hvað sem er en þó er oftast um að ræða náttúruframbærni sem eru fyrir hendi á staðnum hverju sinni, t.a.m. skógarjaðar, steinar, ár eða vötn. Þessi tákn kallar Van Gennep *þröskulda* (e. thresholds) og sýnir hann fram á það að þessi táknrænu mörk og rými, sem hóparnir setja upp til þess að vara óvininn við eða benda öðrum á að þetta sé þeirra svæði, sé að finna í flest öllum rýmum sem aðrir frumbyggjahópar tileinka sér, sem og í hinum vestræna heimi. *Þröskuldurinn* (e. threshold) er fyrst og fremst mörk sem afmarka heimilið frá því sem er fyrir utan, eins og venjulegir þröskuldar á heimilum okkar gera, en þar sem heimili og það sem við köllum „heima“ getur verið í hvaða formi sem er þá getur þröskuldurinn tekið á sig ýmis táknræn form náttúruframbærnis sem sýnir hvernig eitt rými tekur við af öðru (Van Gennep, 2004:15-18; Douglas, 2001:115; Short, 1999:x).

Céline Rosselin (1999) gerði rannsókn á íbúðargangi í París út frá þröskuldskenningu Van Gennep. Þar skoðaði hún hlutverk rýmisins sem skilur almenninginn frá persónulega heimilinu, það er hlutverk íbúðargangarins sem er í flestum fjölbýlishúsum. Hún vill meina að mörkin á milli almenningsrýmis og persónulegs rýmis í dreifbýli Frakklands séu mun óljósari en þau eru í stórborginni. Í dreifbýlinu eru engar sýnilegar línur eða mörk á því að viðkomandi sé úti eða inni, aðeins þröskuldurinn skilur að, en í þéttbýli og þá sérstaklega fjölbýli er það *gangurinn* (e. hallway) sem eru mörkin á milli þess að vera úti og inni. Á ganginum fer svo fram *auðkenning* (e. identification) og stjórnun á því hver fær að ganga inn og hver ekki. Rosselin nefnir einnig siði og hefðir en þegar ákveðnir staðir í ákveðnu landi eru heimsóttir tíðkast ákveðnir siðir eða hefðir um það hvernig eigi að haga sér þegar gengið er inn í eða áður en gengið er inn í húbýli fólks, hvort sem um er að ræða alvöru þröskuld eða táknrænan þröskuld. Bæði eru til *hjúskaparsiðir* (e. matrimonial rituals), eins og þegar brúðhjón ganga fyrst inn á heimili sitt eftir hjónaband, og líka almennir, daglegir siðir. Daglegir siðir gilda til að mynda þegar gestir koma í heimsókn. Þá eru þeir að koma úr *almenningsrýminu* (e. public space) yfir í *persónulegt rými* (e. personal space) einstaklings eða einstaklinga, þar sem þröskuldurinn markar breytingu á rýminu. Þessir þröskuldar eru oft ekki greinilegir eða sjáanlegir en þeir eru yfirleitt eitthvað sem hefur verið samþykkt af samfélaginu og tilheyra óskrifuðum reglum þess (Rosselin, 1999:53-4).

Eins og áður sagði skoðaði Michael Jackson í vettvangsferð sinni meðal frumbyggja Ástralíu í byrjun 9. áratugarins hvernig fólk sem bjó ekki í húsum eins og við þekkjum þau, þ.e. fjórir veggir og þak, upplifði heimilið sitt (2005:4). Það sem Jackson og eiginkonu hans þótti athyglisvert var hvernig börn á meðal Warlpiri-fólksins gengu inn í húsið þeirra Jacksons eins og ekkert væri sjálfsagðara. Þau hvorki bönkuðu eða spurðu hvort þau mættu koma inn heldur óðu bara inn þar sem þau sáu ekki að þetta væri einkastaður eða höfðu tilfinningu fyrir persónulegu rými Jackson og eiginkonu hans. Annað dæmi um mörk sem Jackson og konu hans þóttu eðlileg en börnin þekktu ekki var að börnin héngu óhikað utan í þeim og óðu í hárið á eiginkonu Jackson til að leita lúsa (2005:20-21). Af þessu má lesa að heimilið og mörk þess er eitthvað sem mótast af umhverfinu sem einstaklingur elst upp í en nánar má lesa um það í næsta kafla sem fjallar um skynjun.

3.4 Skynjun

Edward Relph (2001) segir að skynjun á stað eða svæði sé eitthvað sem innbyggt er í alla og tengir okkur við umheiminn sem við búum í. Það er umhverfið í kring sem mótar okkur og samfélagsleg gildi okkar, mótunin sem við upplifum eða verðum fyrir gefur okkur ákveðinn skilning á umhverfinu sem við erum í og skilning á heiminum eins og samfélagið okkar upplifir hann (David Morris, 2004; Relph, 2001). Landfræðingar, sem og aðrir sem vinna með landslag og rými, til að mynda mannfræðingar, hafa unnið umtalsvert með skynjun á stöðum og þá einna helst til að skilja þær breytingar sem eiga sér stað í heiminum.

Mannfræðingurinn Tim Ingold (2002) tekur dæmi um Koyukon veiðimenn, sem er þjóðflokkur meðal frumbyggja í Alaska, en veiðimaður sem hefur stundað veiði í langan tíma og því þaulvanur, veit að hverju hann gengur. Hann skynjar umhverfið sem hann veiðir í, áttar sig á hættum og tekur eftir ummerkjum dýra sem hann leitar eftir. Skynjun þeirra á landslaginu er lærd með því að fylgjast með og læra af öðrum reyndum veiðimönnum (Tim Ingold, 2002 :55-6). Jafnframt því sem Relph (2001) talar jákvætt um skynjun þá segir hann einnig að með skynjun og sérstaklega gagnrýninni skynjun sé hægt að sjá galla og óréttlæti sem fólki hefði hefði annars fundist eðlilegt.

Í augum barna virðist umhverfið nýtt og framandi þegar þau sjá það fyrst, síðan líður tíminn og þau verða eldri en upplifunin verður aldrei sú sama og hún var fyrst því þau hafa öðlast meiri skilning og taka því sem áður var framandi sem sjálfsagðan hlut (Jackson, 2008:xxii). Serena Nanda og Richard L. Warms (2009) tóku dæmi um hvernig einstaklingur getur ekki fylgst með öllu sem er að gerast í umhverfinu í einu og bæði hunsar og tekur hlutum sem sjálfsögðum hlut. Þau héldu því fram að nemandi sjái og fylgist með því sem hann telur mikilvægast hverju sinni en innan skólastofunnar eru það yfirleitt vinirnir og kennarinn. Því getur nemandi farið í gegnum öll skólaárin án þess að taka eftir því hvernig skólastofan er á litinn eða einhverju öðru sem á sér stað innan skólastofunnar. Það gæti þess vegna verið að nemandinn taki eftir öllu sem er að gerast innan skólastofunnar nema því sem kennarinn er að segja en hann getur aðeins einblínt á nokkra hluti í einu svo ef athygli hans færir frá kennaranum eða vinunum þá missir hann af því sem þeir eru að segja eða gera. Þetta töldu Nanda og Warms eðlilega hegðun en minntust einnig á það að

manneskja sem reyndi að fylgjast með öllu sem ætti sér stað færi yfir um (Nanda og Warms, 2009:27-28).

Í *How to Get from Space to Place in a Fairly Short Stretch of Time* skrifaði Edward Casey um dæmi þegar staður kom á undan rými. Hann tók dæmi frá Fred Myers sem gerði vettvangskonun á meðal Pintupi-fólksins, frumbyggjum Mið-Ástralíu, en fyrir þeim er það hið áþreifanlega, staðurinn, sem kemur fyrst og síðan rýmið út frá því. Fyrir Pintupi-fólkið er eitthvað til sem þau kalla *Dreaming*. Warlpiri-fólkið sem Michael Jackson (2005) dvaldi hjá kölluðu þetta líka *Dreaming*, en *Dreaming* er nokkurskonar skynjun fólksins á sögu forfeðra þeirra í gegnum tákni (e. symbols) innan huglægs rýmis, tóms. Að mati Casey og fleiri fræðimanna höfðu bæði mannfræðin og Pintupi-fólkið rétt á sínum sannleika þar sem hvorugu sjónarhorni væri hægt að vísa á bug en Tim Ingold (2002) vill þó meina að þrátt fyrir að þetta sé skynjun þeirra á sögunni þá passi það ekki alveg þar sem hann talar um að til þess að skynja hluti þá lærum við fyrst hvað það er sem við skynjum í gegnum samfélagsleg gildi. Einhversstaðar hefur fólkið lært að skynja og túlka *Dreaming* og það sem við lærum eru gildi sem koma frá því að vera samþykkt af samfélaginu (Tim Ingold, :54-55). Það byggist því allt á túlkun hvers og eins hvort þetta gangi upp eða ekki.

4 Landamæri, borgar-og bæjarmörk

Í þessum kafla verður fjallað um landamæri, borgar og bæjarmörk en Marc Augé segir um landamæri:

The contours and frontiers of an island can be designated or traced without difficulty; and within an archipelago, from island to island, circuits of navigation and exchange from fixed and recognized itineraries that draw a clear frontier between the zone of relative identity (recognized identity and established relations) and the external world, a world of absolute foreignness (2008:41).

Marc talar þarna um hvernig landamæri eyja, líkt og Ísland, eru auðsjáanleg og fara ekki á milli mála eins og minnst var á í innganginum. Það er enginn utanaðkomandi þáttur við jaðar eyjanna sem gerir það að verkum að til verður blönduð menning eða ný menning út frá tveimur menningarheimum sem eiga landamæri að hvorum öðrum, eins og sagt verður frá hér á eftir. Hvað eyjur varðar er hægt að segja að landamæri þeirra eru eins örugg og þau geta verið, þ. e. að ekki er hægt að draga í efa hvar þær byrja og enda. Innan hvorrar eyju geta þó verið landamæri eða sýslumörk sem deilt er um og nálægar eyjur gætu átt svipaða menningu eða tungumál þar sem þau eiga í viðskiptum (Marc Augé, 2008). Það sem við sjáum hálf-ómeðvitað sem *landamæri* eða *mörk* (e. borderlines) eru huglæg gildi sem við höfum meðtekið í gegnum árin og tileinkað okkur hvort sem um er að ræða áþreifanlega línu eða táknræna (Cieraad, 1999:32). Mary Douglas (2001) talar um að menningarleg gildi innan samfélagsins sem við búum í eða ölumst upp í móti okkur og hugmyndir okkar um hvernig heimurinn gengur fyrir sig. Það fer auðvitað eftir hverjum og einum við hvaða aðstæður viðkomandi elst upp og hvernig viðkomandi túlkar heiminn út frá þeim gildum sem hann hefur tileinkað sér. Þegar verið er að skoða samfélög er þeim yfirleitt skipt niður í ákveðna félagslega þætti, s.s. trúarbrögð, pólitík, stétt og fleira sem haft getur áhrif á manninn, þ.e. hvernig hann lifir og hrærist. Allir þessir félagslegu þættir eru grundvöllur þess hvernig við mótum hugsanir okkar og gerum *stað* út frá *rými*. Það erum við sem búum til mörkin eða línuna um það hvernig rýmið skiptist og hvar einn staður byrjar og hvar annar endar og hvaða rými kemur á eftir því næsta. Það er samfélagið sem við búum í sem hefur samþykkt þessar línur og tekið þær gildar (Flather, 2013:345; Short 1999:x; Anzaldua, 2004:1024).

Rouse (1995) skrifaði um *auðkenni* (e. identity) en það er einmitt það sem félagslegu þættirnir móta. Við gerum okkar eigið auðkenni og þó yfirleitt tengist það uppeldi okkar og umhverfi en við erum kannski ekki sammála öllu því sem okkur er kennt enda finna ekki allir sig í uppeldisumhverfinu. Það er gott og gilt því annars væri heimurinn ekki eins og hann er í dag með öll þessi tungumál og alla þessa menningarheima, þ.e. ef allir hefðu hugsað hið sama og gert nákvæmlega það sama frá upphafi tilvistar mannsins.

Heiminum í dag er skipt niður í ríki og talað er um að til þess að upplifa þá menningu sem er í hverju ríki eða landi þarf að ferðast til þess lands (Gupta og Ferguson, 1992). Til að mynda ef fólk vill upplifa íslenska menningu þarf að að ferðast til Íslands. Sú lína sem við sjáum á landakortinu og við köllum landamæri er þó ekki eins skörp og hún sýnist vera á kortinu og sker í sundur það sem fyrir henni verður. Gupta og Ferguson (1992) tíndu til nokkur atriði sem sýna að línan á kortinu er ekki eins greinileg í raunveruleikanum og segir þessi lína engan veginn til um að aðeins eina menningu sé að finna innan hvers ríkis. Fyrst má nefna þá aðila sem búa á landamærunum því þeir komast ekki hjá því að upplifa menningu beggja ríkjanna sem þeir búa við. Þeir sem upplifa það eru t.d. verkamenn og fagfólk sem ferðast títt á milli landa vegna vinnu, sem og brottfluttir/aðfluttir og flóttamenn, en þeir upplifa ekki alveg það sama og fólk sem er viljandi beggja megin. Einnig eru það litlu *þjóðernishóparnir* (e. ethnic groups) sem eiga stundum landsvæði innan ákveðinna landamæra (Gupta og Ferguson, 1990:7). Sem dæmi um þjóðernishóp sem á sér svæði inni í öðru landi má nefna WoDaaBe-fólkið í Níger sem Kristín Loftsdóttir (2004; 2010) dvaldi hjá. WoDaaBe-fólkið eru hirðingjar sem eiga sér ekkert fast land heldur ferðast þeir um jaðar Sahaara eyðimerkurinnar með húsdýrin sín í leit að vatni og beit. Vegna fátæktar og erfiðra aðstæðna á ferðum sínum við jaðarinn á Sahaara eyðimörkinni, þar sem miklir þurrkar voru, fór unga fólk að sækja vinnu annars staðar og skildi dýrin sín eftir hjá eldra fólkinu í von um að finna vinnu til að geta sent peninga heim og létt þannig undir (Kristín, 1997:156-7). Þarna er um að ræða hóp fólks sem sækir vinnu út fyrir sitt landsvæði og heldur í þá menningu sem þau ólust upp við í hirðingjasamfélaginu en eru á sama tíma tilneydd til að tileinka sér þann menningarheim sem tilheyrir borginni og öllu sem því fylgir. Ef við skoðum heimilið hjá WoDaaBe-fólkinu þá er það ekki hið sama og við Íslendingar sjáum fyrir okkur. Fyrir þeim er heimili nokkrar trjágreinar sem raðað er í hálfhringi til afmörkunar og með einu rúmi og borði sem hægt er að taka saman á skömmum tíma. Stundum voru tveir hálfhringir saman sem táknuðu

tvö herbergi og þeir hlutir sem voru á borðinu voru yfirleitt aleiga fólksins fyrir utan húsdýrin (Kristín Loftsdóttir, 2010:80-81).

Líkt og Gupta og Ferguson töluðu um um landamæri hér á undan þá skrifar Heyman: „Border zones occur everywhere because cultures are not homogeneous.“ (1994:45), eða „Landamæri koma fyrir allstaðar því að menning er ekki *einsleit* (e. homogeneous)“. Þarna á hann við þaðhvernig landamæri og menning eiga saman þar sem í hvert sinn sem ný menning kemur upp þá myndast landamæri þar á milli. Það er þó ekki klippt og skorið eins og Gupta og Ferguson töluðu um, heldur geta tveir menningarheimar blandast saman, og bætir Heyman því við að t.a.m. við landamæri Mexíkó og Bandaríkjanna þá séu það tvö mismunandi lönd hvað menningu varðar en í báðum ríkjum megi finna mikla stéttaskiptingu og þá hafi orðið til nýmenning sem sé blanda úr báðum menningarheimum sem í þessu tilviki gangi vel upp (Heyman, 1994). Landamærin milli Bandaríkjanna og Mexíkó hafa verið til mikillar umræðu upp á síðkastið þar sem núverandi Bandaríkjaforseti, Donald Trump, vill reisa vegg eða múr á milli ríkjanna til að loka á umferð á milli þeirra. Landamærin þarna á milli eru þó ekki nýtt fyrirbæri og við landamæri þessara tveggja ríkja hefur myndast ný menning sem er eins og áður sagði samblanda af þeirri bandarísku og mexíkósku. T. a. m. hefur orðið til tungumálið *Spanglish*, en það er samblanda af ensku og spænsku sem íbúar á landamærunum nota dagsdaglega í bland þar sem þau taka á móti gestum frá báðum löndum; Bandaríkjamenn fara suður til Mexíkó til að versla og svo öfugt og hafa gert í mörg ár. Þannig hafa tungumálin blandast saman með tímanum og orðið að samþykktu fyrirbæri meðal samfélaganna (Heyman og Campell, 2010). Á árunum 1967 til 1986 fluttu bandarísk fyrirtæki sem unnu að túnfiski sig yfir landamærin til Mexíkó til að nýta þar ódýrt vinnuafli og geta staðist samkeppni við þann túnfiskiðnað sem var innfluttur frá Asíu á þessum árum. Við þennan flutning fengu mexíkóar sem unnu í túnfiskinum hærri laun og fór yfir landamærin til Arizona frá Mexíkó til að versla sem gerði það að verkum að sala jókst þar (Durrenberger og Erem, 2010:266-268;). Heyman (1994) og Kearney (2004) skrifuðu um landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó þar sem að þau tala um að landamærin séu það sem þau eru vegna pólitískrar stefnu og laga sem sett hafa verið. Á milli landanna er girðing sem að skilur þau að og til að komast frá Mexíkó yfir til Bandaríkjanna þarf að fara í gegnum landamærahlið og öfugt. Vegna pólitískrar umræðu og orðræðunnar sem hún stuðlar að hafa landamærin öðlast sterkari merkingu að því leiti að landamærin eru meira

en aðeins girðing heldur eru tákna landamærin einnig löggæslu, fangavist og fleira sem á að hræða eða fá fólk til að hugsa sig tvisvar um ef ekki er farið eftir settum reglum um fólksflutninga yfir landamærin.

Gupta og Ferguson (1997) tala, eins og áður segir, um hvernig *vettvangurinn* (e. the field) sem mannfræðingar fóru á hefur breyst en hér áður fyrr var vettvangurinn yfirleitt einhversstaðar á framandi frumbyggjaslóðum þar sem „hinir“ bjuggu. Þá var ferlið að fara á vettvang eins og að fara inn í annan heim. Þeir komast þó að þeirri niðurstöðu að við erum í raun alltaf á vettvangi, landfræðileg staðsetning okkar skiptir ekki máli lengur þar sem nærumhverfi okkar er alveg jafn mikilvægt að rannsaka og það sem var framandi og í daglegu lífi okkar fara fram félagslegir þættir sem eru mismunandi á milli ríkja, jafnvel á milli vesturlanda. Einnig er fólk í dag á endalausum þeytingi og ferðast um heiminn og flytur til annarra landa í auknari mæli en hér áður fyrr, þannig er ekki hægt að segja að menning eða samfélag séu svona og hinsegin á þessum stað án neinna fyrirvara. Þessir *hinir* í „*við og hinir*“ á ekki lengur aðeins við um hópa fólks í framandi frumskógum heldur er þessi lína orðin hálf-máð og núna eru í raun allir orðnir að þessum *hinum* (Gupta og Ferguson, 1997).

Marc Augé (2008) kemur með ágæta hugmynd um hvernig landamæri séu „semi-illusion“ og „semi-fantasy“ (38-39), þar á hann ekki við að landamæri séu hálf blekking eða draumórar eins og beinþýðing gefur í skyn þar sem blekking byggist á lygi og draumórar eru ímyndun heldur á hann við að einhversstaðar og einhverntíman byrjaði fólk að búa til landamæri til að afmarka sitt svæði. Þessi landamæri hafa síðan haldist kynslóð eftir kynslóð, en þessi landamæri eru varla nema ímyndun hjá þeim sem fyrst afmarkaði landið sem varð síðan að veruleika og fyrir fólknið sem nú býr á þessu landi er þessi afmörkun þeirra veruleiki. Augé talar því einnig um hvað landamæri og mörk geta verið brothætt þar sem hætt er við því að þau geti verið færð til eða þess vegna eytt. Til að mynda ef landamæri eru afmörkuð með steinum eða skurðum eða trjám þá þarf ekki nema eina jarðýtu til að koma og jafna landsvæðið út og þá situr ekkert eftir til að sýna hvar landamærin lágu (Marc Augé, 2008:38-40).

5 Non-Places

Marc Augé (2008) kom með hugtakið *non-Places* sem í rauninni þýðir ekki „enginn staður“ heldur er þetta heiti á hugtaki yfir ákveðnu rými þar sem enginn staður fellur alfarið í einn flokk frekar en annan; það fer allt eftir því hver á í hlut. Augé setur þá staði þar sem fólk kemur og fer án frekari fyrirhafnar, s.s flugvellir, verslunarmiðstöðvar og bílferðir, í flokkinn *non-places*, þar sem við erum ekki bundin þessum stöðum neinum tengingum. Staður er rými þar sem einhver meaning hefur verið sett í rýmið og það hefur einhverja þýðingu fyrir þann sem á í hlut og það er tungumálið og orðið sem mótar staðinn. Augé segir einnig: „If place can be defined as relational, historical and concerned with identity, then a space which cannot be defined as relational, or historical, or concerned with identity will be a non-place“ (63). Þarna á hann við að non-places eru ekki þessi hefðbundnu rými sem fólk tengir auðkenningu sína við en hann vísar þeim ekki alfarið á bug þar sem þetta geta verið staðir sem fólk hefur farið á og á minningar þaðan en hann talar um þá sem „places of memory“. Sumir non-place staðir geta þó verið rými fyrir næsta mann t. a m. getur flugvöllur verið vinnustaður hundruða manns o.s.frv.

6 Landamæri á vettvangi

Þegar hlutir eru útskýrðir fyrir okkur þá reynum við að tengja útskýringarnar við það sem við þekkjum nú þegar og viðhorf okkar mótast af því. Jafnvel þó við séum á ferðalagi um framandi slóðir þá sækjum við alltaf fyrst í það sem við þekkjum og reynum síðan að tengja það við okkar samfélagslegu gildi eða bera saman. Ef við hefðum ekki okkar eigin gildi þá ættum við erfitt með að fóta okkur í heiminum (Magnús Einarsson, 1997:144-145).

Hér á eftir verðu farið yfir hvernig hin ýmsu landamæri og mörk hafa komið fyrir sjónir mannfræðinga og hvernig þeir lýsa þeim. eru þetta dæmi af landamærum milli ríkja, á milli þorpa sem og mörk híbýla en eins og áður sagði þá eru landamæri allstaðar í mismunandi gerðum og í mismunandi tilgangi. Bæði hefur verið rætt um WoDaaBe og Warlpiri hér framar en hér verður fjallað um nokkur dæmi frá þessum tveimur þjóðflokkum en einnig verða teknar fyrir lýsingar frá Ongees á Andmaneyju.

6.1 WoDaaBe

Minnst var á Kristínu Loftsdóttur (2010) hér á undan og aftur verður tekið dæmi frá því hún dvaldi í tvö ár á meðal WoDaabe-fólksins í Níger á meðan hún vann að doktorsverkefninu sínu. Þegar hún hitti Akali, tengiliðinn sinn, í byrjun vettvangsrannsóknarinnar í borginni Níamey þar sem hún byrjaði ferðalagið sitt, útskýrði hann fyrir henni að til að finna heimili sitt þyrftu þau að ferðast í tvo daga til annars bæjar til að hitta á fólk úr fjölskyldunni hans sem kom til að kaupa nauðsynjar á markaði. Þannig gæti hann fengið fréttir af því hvar heimili hans væri þar sem það er aðeins á sama stað í nokkra daga og síðan væri pakkað saman og farið annað til að leita að beit og vatni fyrir húsdýrin þeirra. Kristín velti því einnig fyrir sér hvenær það væri sem mannfræðingurinn væri kominn á vettvang þegar hann gerir vettvangsrannsókn. Þegar hún var á leiðinni að heimili Akali einhversstaðar í eyðimörkinni var hún spennt fyrir því að bráðum yrði hún komin á vettvang en áttaði sig síðan á því að í rauninni væri hún þegar komin á vettvang; „Ég hugsa að á morgun verði ég raunverulega komin á vettvang. Ég leiðrétti sjálfa mig í huganum. Hvar er ég þá núna ef ekki á vettvangi?“ (Kristín Loftsdóttir, 2010:68). Þegar hún loksins komst á áfangastað var þar ekkert nema eitt tré, flatlendi, endalaus sandur og nokkrir menn á mottu en það er það sem tengiliðurinn hennar kallaði heimilið sitt. Þau voru allt í einu komin:

„Þetta er heimili mitt,“ segir Akali glaðlega og fyrirvaralaust er ferðalagið á enda. Ég lít í kringum mig og sé ekkert sem minnir mig á heimili. Umhverfið er eyðilegt. Litlar naktar hæðir svo langt sem augað eygir, með einmanalegum trjám á stöku stað. (Kristín Loftsdóttir, 2010:69)

Þannig lýsir Kristín heimili Akali fyrst eftir að hún mætir á svæðið þar sem hennar upplifun á heimili er ekki sú sama og upplifun Akali þar sem þau hafa ekki alist upp með sömu samfélagslegu gildin. Þetta er hið sama og gerist þegar minnst var á fyrr hvernig WoDaaBe afmarka húsin sín með trjágreinum. WoDaaBe nota það sem til er í náttúrunni og fyrir þeim er það alveg sjálfsgagt þar sem þetta er eitthvað sem þau hafa búið og alist upp við en fyrir okkur Vesturlandabúa sem búum í upphituðu húsunum okkar með veggi, þak, og rennandi vatni þá sjáum við ekki heimili eða hús nema að það líti út eins og við erum vön. WoDaaBe þekkja einnig landið vel þar sem líf þeirra snýst um að ferðast um landið og vinna með því en Kristín þurfti að læra alveg frá grunni ný samfélagsleg gildi sem tilheyra WoDaaBe samfélaginu. Þá eru einnig ýmsar hættur eða varasamir hlutir sem við sjáum ekki eða tökum ekki eftir því við höfum ekki lært um þá og þekkjum þess vegna ekki. Það er einmitt eitthvað sem við lærum af reynslunni þegar við erum börn eða okkur er kennt frá því við munum eftir okkur; eins og það að ganga á gangstéttinni eða ganga yfir götuna á „græna karlinum“. Í eitt skipti þegar Kristín var að flytja á milli staða með hirðingjafjölskyldunni hans Akali, gengur hún á *sabere* (sem er einhverskonar gróður sem festist í fötum og fólki) og þá spyr Akali frekar pirraður hvort hún hafi ekki séð veginn, sem hún gerði ekki þar sem hún tók ekki eftir neinum vegi, en hann segir henni líka að hún eigi að horfa upp og framfyrir sig en samt að horfa niður og fylgjast með hvar hún gengi. „Ég reyni að gera betur og horfi fram fyrir mig en líka niður til að reyna að sjá ósýnilega veginn í háu grasinu. Það er vonlaust og fyrr en varir er ég aftur föst í fræjum *sabare*.“ (Kristín Loftsdóttir, 2010: 99-100). Hún talar einnig um að henni líði stundum eins og barni þegar Akali er að segja henni til og oft voru það sömu hlutirnir eins og að ganga ekki á *sabare*.

6.2 Ongees

Andamanese eru safnarar og veiðimenn Andamaneyja í Bengalflóa en þeir skilgreina staði út frá því hvernig þeir hreyfa sig. Þannig lýsir Pandya (1990) muninum á því hvernig mannfræðingar skilgreina staði og hvernig Ongees skilgreina staði en hann segir að skilgreining mannfræðinga á rými sé eins og tilbúin leiksýning sem sett er á svið þar sem

farið er eftir hugtökum og skilgreiningum. Þegar Pandya lýsir hvernig umhorfs er á Andmaneyju:

The island has a coastline that varies from sandy to rocky and is bordered by coral reefs in many places. Many streams cut across the dense forests of the island...The Ongees name four distinct regions on and around the island: forest, creeks, coastal area, and sea. Ongees recognize distinct species of plants and animals as property belonging to each of the four regions (Pandya, 1989:778).

Ongees búa ekki í föstum híbýlum heldur ferðast þeir á milli strandarinnar og skógarins þar sem þau dvelja fimm mánuði yfir veturinn í skóginum og sjö mánuði yfir sumartímenn við ströndina. Þeir trú á einnig á vætti og illa anda sem eru í loftinu og sjónum og trú því að illu andarnar taki þá með sér og breyti þeim í illa anda, en íbúar höfðu þá verið of nálægt sjónum og drukknað þegar öldur hrifsuðu þá með sér eða að fólk hvarf í miklu óveðri sem Ongees trúðu að illu andarnir í loftinu hefðu tækið þá með sér. Ongees trú því líka að til séu góðar vættir en þær hitta þeir aðeins ef það hefur verið ákveðið fyrirfram, þær vættir sem Ongee-fólkið hittir á förnum vegi eru alltaf illar (Pandya, 1990:779).

6.3 Warlpiri

Michael Jackson (2008) talar einnig um þröskuld (e. threshold) en ekki í sömu merkingu og Van Gennep. Jackson talar um þröskuld sem takmörk milli þess þekkta og óþekkta í þeirri merkingu að öðru megin við þröskuldinn þekkjum við okkur og okkar hlutverk þar sem við erum örugg en þegar við förum hinumegin við þröskuldinn finnum við fyrir óöryggi og skorti á þekkingu, finnst eins og við séum ekki á réttum stað (Michael Jackson, 2008:23). Þegar Jackson var í vettvangsferð meðal frumbyggja Ástralíu sá hann hvernig þeim leið illa og voru vandræðaleg þegar þau voru á svæðum sem ekki voru ætluð þeim og kölluðu þau þessi svæði stað hvíta mannsins en þegar þau voru á stöðum þar sem frumbyggjar voru velkomnir voru þau afslöppuð og ánægð. Það var munur á stöðum sem frumbyggjunum þóttu þau óvelkomin innan um hvíta Ástralann og stöðum þar sem hvíti Ástralinn bauð þau velkomin. Innan um Ástralana þótti frumbyggjunum öruggast að tjalda í útjaðri svæðisins, við ár eða einhvers staðar þar sem þau sáu ekki. Þetta voru ekki

fallegustu staðirnir og kannski ekki staðir sem allir voru spenntir fyrir en þarna fundu þau fyrir öryggi. Þau vissu það sjálf að þessir staðir sem þau völdu væru ófýsilegir, hálfgerðir ruslahaugar, en þau vissu að með því að vera á stöðum sem hvíta Ástralánur fannst óspennandi að þá myndi enginn koma til þeirra og atast í þeim eða taka þau burt. Einnig var mikil drykkja á meðal frumbyggjanna og ekki voru allir ánægðir með það og gerðu jafnvel ráð fyrir slagsmálum. Staðir sem buðu frumbyggjana velkomna voru fýsilegri að mati samferðamanna Jacksons af frumbyggjaættum, þar sem þau fundu sig örugg og í meira næði en hafði verið á fyrri gististöðum sem á einhvern hátt tilheyrðu hvíta mannum (Jackson, 2008:20-25; Jackson, 2005:81-84). Þau voru alltaf hrædd um það að vera tekin í burtu, en það var vegna þess að áður tíðkaðist það að taka börn frumbyggja Ástralíu og setja þau inn á heimili hvíta mannsins þar sem þau áttu að læra að verða „alvöru“ fólk og láta rætast úr sér. Frumbyggjar Ástralíu höfðu á þessum tíma verið undir stöðugum hatursárásum frá yfirvöldum sem hafði gert fólk hrætt og áttu þeir enn undir högg að sækja þegar Jackson ferðaðist um svæðið (Jackson, 2005:9-15).

Í vettvangsrannsókn sinni skrifar Jackson um Dreaming, eins og minnst var á fyrr í þessari umfjöllun, en hann líkir því saman við sögu (e. history) og þá sögu hvers manns fyrir sig þar sem Dreaming getur skarast á við aðrar Dreaming þar sem sögur þeirra tengjast. Hann segir að Warlpiri eigi nokkra staði sem þeir kalla *Dreaming staði* (e. Dreaming site) en þetta eru *heilagir staðir* (e. sacred place) og það fer eftir því hvaða Dreaming/saga á sér stað á hverjum stað hvað þeir kallast, t.a.m. voru þeir með kengúru Dreaming stað og rigningar Dreaming stað. Eitt sinn fór Jackson í vettvangsferð með einum Warlpiri-manni, Zack, sem ætlaði að sýna honum svæði sem hann kallaði *The Granites*. Þeir komu að stað þar sem Zack og aðrir Warlpiri ferðuðust til áður og byggðu búðir og Zack sagði Jackson frá minningum sem áttu sér stað þarna. Mörg ár voru frá því að Zack hafði komið þangað og engin ummerki sjáanleg að einhver hefði einhverntíman verið þar. Ef ekki hefði verið fyrir minningar Zacks og lýsingar hefði Jackson ekki getað lesið söguna í landslaginu sem hann horfði á (Jackson, 2005:88-91). Granites var helgur staður og þeir sem gættu staðarins fyrst þegar hvíti maðurinn kom voru drepnir en þeir sem gæta staðarins núna eru ættingjar þeirra fyrstu sem þar bjuggu og þeir verða að hafa þekkinguna á Dreaming til að geta gætt staðarins en þekkingin lærist frá manni til manns. Ástæða hvíta mannsins fyrir veru sinni þarna var gullið sem fannst í Granites námunum en þeir vildu nýta það (Jackson, 2005:94).

Þegar þeir félagar, Zack og Jackson komu að gullnámunni var hún afgirt og þar voru skilti sem sögðu aðkomumönnum að halda sig frá þar sem þetta væri helgistaður. Jafnvel þó að náman væri ennþá til staðar og verið væri að vinna í henni að þá fóru Warlpiri ekki af því að þetta var þeirra helgistaður. Þegar þeir fara inn á námusvæðið finnst Jackson Zack verða frekar vandræðanlegur eða eins og hann viti ekki alveg hvað hann eigi að gera í nágrenni við námuna samt sem áður vann hann þar í mörg ár og ætti að vera kunnugur staðnum. En minningin er ekki góð þar sem Zack og fleiri frumbyggjar voru fengnir til að vinna í námunni fyrir tóbak og mat en það voru einu launin fyrir erfiðis vinnu. Um leið að þeir voru komin út fyrir námuna var Zack allt annar og mun öruggari (Jackson, 2008:22).

Umræður og lokaorð

Í þessari ritgerð hefur nú verið farið yfir hvernig landamæri geta verið afmörkuð með ýmsum táknrænum fyrirbærum og hið sama gildir um híbýli og bæjarmörk, og hvernig þau koma fyrir í landslaginu og náttúrunni innan mannfræði. Byrjað var á því að segja frá náttúrunni og hvernig hún kemur fyrir innan mannfræðinnar en hún kemur fram á ýmsa vegu, bæði í formi hættulegra staða þar sem illir andar halda sig á hjá einum hópi frumbyggja og sem nærandi móðir á meðal annarra. Einnig hefur verið farið yfir hvernig túlka eigi landslagið og upplifa það með hjálp sögu, tíma og rýmis en það hvernig við upplifum landslagið fer eftir því hver er að segja okkur söguna. Með sögunni fáum við tíma og rými sem leyfir okkur að ímynda okkur eða gefa okkur hugmynd að því sem við erum að horfa á. Tími og rými skipta því miklu máli til að átta sig á landslaginu og skoða náttúruna. Einnig var fjallað um heimili og skynjun en heimilið er það rými sem mikið er skrifað um og sem oftast ef ekki alltaf er skrifað um í etnógrafíum og á meðal frumbyggja en þá hafa uppeldi og samfélagslegir þættir mótað hugmyndir þeirra að því hvað þeir sjá sem heimili og svo höfum við vesturlandabúar alist upp við annan veruleika í okkar samfélagi um það hvernig heimili lítur út. Frumbyggjar í Afríku og Ástralíu og líklega annarsstaðar í heiminum hafa því aðra sýn á heimilið sem er meira náttúrutengd heldur en fyrir okkur vestrænar þjóðir. Hugtakið *skynjun* var einnig tekið fyrir en enda á skynjun stóran þátt í umfjöllun um náttúruna og landamæri, en það er skynjun okkar á náttúrunni og umhverfinu í kringum okkur sem gefur okkur síðan færi á að læra og meðtaka. Hvað það er sem við skynjum er lærð hegðun sem við lærum frá samfélaginu út frá samþykktum félagslegum gildum þess.

Að lokum var farið yfir landamæri og hvernig þau koma fyrir sjónir mannfræðinga með vitnun í nokkrar etnógrafíur. Landamæri eru vissulega afmörkuð með sýnilegum hætti eins og á milli Bandaríkjanna og Mexíkó en þrátt fyrir það hefur myndast ný menning báðum megin við landamærin sem sem er sú sama að því leiti að þeir sem eru Bandaríkjamegin hafa þó sterkari tengingu við bandaríska menningu (ef við hugsum út frá þeirri kenningu sem minnst var á fyrst í landamæraflaum varðandi íslenska menningu á Íslandi), og þeir sem eru Mexíkómegin hafa sterkari tengingu við mexíkóska menningu en þessi landamæraíbúar hafa samt meiri tengingu í gegnum menninguna sem hefur byggst upp á landamærunum. Heimilið var tekið fyrir þar sem hægt er að eindurvarpa hugmyndinni um það svolítið út á við og líkja því við önnur afmörkuð rými, þar er

Þröskuldakenning Van Genneps um táknrænu landamærin gott dæmi þess. En þessi táknrænu landamæri virka eins og þröskuldar inn í samfélög rétt eins og þröskuldar á heimilum okkar afmarka það sem er fyrir innan heimilið og það sem er fyrir utan það.

Etnógrafíurnar sem ég valdi til að vitna í og taka dæmi úr urðu fyrir valinu þar sem þær fjalla mikið um náttúruna og tengingu íbúanna við náttúruna. Það er ekki fyrr en núna þegar ég hugsa til þessa að allar eru þær skrifaðar af einhverjum sem fer á vettvang meðal frumbyggja eða minnihluta hópa sem búa í skógum eða meira í náttúrunni en Vesturlandabúinn. Virkilega áhugavert hefur verið að lesa í gegnum etnógrafíur og leita að heimildum um landamæri. Það verður áhugavert að sjá í framtíðinni hvort ekki bætist við rannsóknir á landamærum sem liggja milli landa sem ekki eiga í stríði til að mynda milli landa á meginlandi Evrópu þar sem sveitabæir og þorp liggja á landamærum ríkja innan Evrópusambandsins og hægt er að keyra á milli án nokkurrar fyrirstöðu.

Að lokum má koma að að hvernig landamæri, bæjarmörk og aðrar afmarkanir birtast okkur í náttúrunni er mismunandi. Þessi mörk geta verið hvaða fyrirbæri sem er en til þess að þau verið að mörkum og gegni sínu hlutverki þarf að vita meira um þau og afla sér upplýsinga með því að spyrja heimamenn. Þá á ég t.d. við að þegar ferðamaðurinn ferðast um heiminn þá fylgir hann sínum samfélagslegu gildum því það er það sem hann þekkir. T.a.m. gæti verið að tún og akrar í samfélagi hans eru afmörkuð með girðingum sem segir honum að hann megi ekki fara yfir en í landinu sem hann ferðast til eru tún og akrar afmörkuð með skurðum. Það er ekkert sem segir honum að þessi afmörkun hafi sömu merkingu og girðing þar sem hann kemur frá. Með þessu má því segja að afmarkanir eru um allt í náttúrunni en til að sjá þær þarf að öðlast skilning á samfélagslegum gildum þeirrar menningu og þjóðflokks sem við erum að sækja heim.

Nafn höfundar

Heimildaskrá

- Anzaldua, G. (2004). *Borderlands/La Frontera*. Í Rivkin, J. & Ryan, M. (eds.), *Literary theory, an anthology* (2. útgáfa). Oxford: Blackwell Publishing
- Augé, M. (2008). *Non-Places: An Introduction to Supermodernity* [önnur útgáfa]. London: Verso
- Bender, B. (2001). Landscapes on-the-move. *Journal of Social Archaeology* 1(1):75-89.
- Casey, E. S. (1996). How to Get from Space to Place in a Fairly Short Stretch of Time: Phenomenological Prolegomena. Sótt af http://ls-tlss.ucl.ac.uk/course-materials/ANTH3020_51567.pdf 25. mars 2018
- Cieraad, I. (1999). Introduction: Anthropology at Home. Í Cieraad, I. (ritstj.), *At home: An Anthropology of domestic space*. New York: Syracuse University Press
- Douglas, Mary. (2001[1966]). *Purity and danger: An analysis of concepts of pollution and taboo*. Routledge: New York.
- Durrenberger, E. P. (1980). Belief and the logic of Lisu spirits. *Bijdragen tot de Taal-, Land- en Volkenkunde / Journal of the Humanities and Social Sciences of Southeast Asia and Oceania* 136(1):21-40
- Flather, A. J. (2013). Space, Place, and Gender: The Sexual and Spatial Division of Labor in the Early Modern Household. *History and Theory* 52:344-360
- Gennep, Arnold van. (2004[1960]). *The rites of passage*. London: Routledge
- Gupta, A. (2009 (1992)). The song of the Nonaligned World: Transnational Identities and the Reinscription of Space in Late Capitalism. *Cultural Anthropology*, 7(1), 63-79.
- Gupta, A. og Ferguson, J. (1992). Beyond "Culture": Space, Identity, and the Politics of Difference. *Cultural Anthropology*, 7(1), 63-79.
- Hall, E. T. (2009[1963]). A System for the Notation of Proxemic Behavior. *American Anthropologist*, 65,(5), 1003-1026. DOI: 10.1525/aa.1963.65.5.02a00020
- Heyman, J. M. C. (1994). The Mexico-United States Border in Anthropology. *Journal of Political Ecology* 1(1):43-66
- Heyman, J. og Campell, H. (2010). *Bordering Culture: The U.S.-Mexico Case*. Í Durrenberger, E. P. og Erem, S. (ritstj.), *Paradigms for Anthropology: An Ethnographic Reader*. Boulder og London: Paradigm Publishers
- Hirsch, E. (2006). Landscape, Myth and Time. *Journal of Material Culture* 11(1/2):151-165
- Ingold, T. (2002[2000]). *The Perception of the Environment*. London og New York: Routledge

- Jackson, M. (2005). *At Home In The World*. Durham & London: Duke University Press.
- Jackson, M. (2008[2005]). *Existential Anthropology: Events, Exigencies and Effects*. New York: Berghahn Books.
- Katrín Anna Lund. (2011). Landslag: flæði, fléttur, frásagnir, form. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir & Helga Ólafsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XII. Félags- og mannvísindadeild*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011.
- Kearney, M. (2004). The classifying and value-filtering missions of borders. *Anthropological Theory* 4(2):131-156. DOI:10.1177/1463499604042811
- Magnús Einarsson. (1997). Ferðamenn, Íslendingar og ímynd Íslands. Í Gísli Pálsson, Haraldur Ólafsson & Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (ritstj.), *Við og hinir: Rannsóknir í mannfræði*. Reykjavík: Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Malinowski, B. (1984[1922]). *Argonauts Of The Western Pacific: An Account Of Native Enterprise And Adventure In The Archipelagoes Of Melanesian New Guinea*. Prospect Heights: Waveland Press, Inc.
- Massey, D. (1994). *Space, place and gender*. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Nanda, S. Og Warms, R. L. (2009). *Culture Counts*. Belmont: Wadsworth
- Pandya, V. (1990). Movement and Space: Andamanese Cartography. *American Ethnologist* 17(4):775-797
- Pelletier, J. D. et al. (2015). Forecasting the response of Earth's surface to future climatic and land use changes: A review of methods and research needs. *Earth's Future* 3:220-251. doi:10.1002/2014EF000290
- Rolph, Edward. (2001). Sense of Place. Í Hanson, S. (ed), *10 Geographic Ideas That Changed the World*. New Brunswick: Rutgers University Press.
- Rosselin, C. (1999). The ins and outs of the hall: A Parisian example. Í Cieraad, I. (ed), *At home: An Anthropology of domestic space*. New York: Syracuse University Press
- Rouse, R. (1995). Questions of Identity: Personhood and collectivity in transnational migration to the United States. *Critique of Anthropology* 15(4):351-380
- Short, J. R. (1999). Foreword. Í Cieraad, I. (ed), *At home: An Anthropology of domestic space*. New York: Syracuse University Press
- Turner, V. (1985). Images of Anti-Temporality: An Essay in the Anthropology of Experience. Í Turner, L. B. (ritstj.), *On the Edge of the Bush: Anthropology as Experience*. Tucson: The University of Arizona Press